

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2003

frá 31. janúar 2003

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2001 frá 28. febrúar 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi framleiðsluvöru ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2001/95/EB fellir úr gildi frá 15. janúar 2004 tilskipun 92/59/EBE ⁽³⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3g (tilskipun ráðsins 69/493/EBE):

„3h. **32001 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi framleiðsluvöru (Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).“
2. Texti liðar 3a (tilskipun ráðsins 92/59/EBE) falli brott með gildistöku frá 15. janúar 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/95/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.